

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

26.4.2005

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði slátur-dýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, 726. mál.

Samtök iðnaðarins (SI) og Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál.

Samtökin taka undir og leggja ríka áherslu á nauðsyn þess að gjaldtaka fyrir heilbrigðiseftirlit endurspegli raunverulegan kostnað við eftirlitið, þ.e.a.s. kostnað við laun og ferðakostnað kjötskoðunarlækna og aðstoðarfólks þeirra og lögbundna sýnatöku í sláturhúsum og úrvinnslu þeirra.


Hins vegar telja Samtökin að rannsóknir á sýnum vegna reglubundinna mælinga á lyfjaleyfum og aðskotaefnum, skv. c. lið í frumvarpinu, falli undir lögbundna vöktun hins opinbera og eigi að greiðast af almannafé en teljist ekki hluti af heilbrigðiseftirliti. Sama má segja um liði d. og e. í frumvarpinu. Það er ekki ásættanlegt að leggja á atvinnulífið sérstakt eftirlitsgjald vegna óskilgreindrar endurmenntunar kjötskoðunarlækna, þ.e. vegna námsskeiðahalds þeirra og viðhaldsmenntunar t.d. erlendis eða að kostnaður við alla yfirstjórn málaflokksins eigi að falla á fyrirtækin. Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins verður ráðherra einnig með útgáfu reglugerðar: “m.a. heimilt að kveða nánar á um til hvaða þátta heilbrigðiseftirlitið tekur”.

Þessi grein er alltof óljós og víðtæk og felur í sér valdaframsal löggjafans til stjórnvalda til setningar reglugerðar um gildissvið eftirlitsins.

Samtökin telja afar mikilvægt að haft sé fullt samráð við hagsmunaaðila, þ.e. sláturleyfishafa, um þessar breytingar en ekki kemur fram í frumvarpinu að það hafi verið unnið í samvinnu við þá. Vinnist ekki tími til slíks raunverulegs samráðs fyrir lok vorþings telja Samtökin að fresta eigi gildistöku laganna.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Jón. R. Pálsson

f.h. Samtaka iðnaðarins



Ragnheiður Héðinsdóttir